

319. fundur Skólanefndar FS

13. febrúar 2013



Mættir: Guðbjörg Rut Þórisdóttir, Pétur Brynjarsson, Böðvar Jónsson, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Ösp Birgisdóttir og Ísak Ernir Kristinsson og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Skólameistari setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Kosning formanns.
 2. Starfið framundan.
 3. Skólasamningur.
 4. Önnur mál.

1. Kosning formanns.

Formaður skólanefndar kosinn. Lagt til að Guðbjörg Rut Þórisdóttir verði formaður nefndarinnar; samþykkt samhljóða.

2. Starfið framundan.

Skólameistari sagði frá starfinu á önninni en nemendur í dagskóla eru 962 en auk þess stunda 94 grunnskólanemendur nám í einstökum áföngum. Skólameistari kynnti einnig fjárhagsstöðu skólans en ljóst er að spara þarf á öllum sviðum þetta ár. Reiknað er með að nemendur verði um 1100 í haust, þar af eru 325 nýnemar.

3. Skólasamningur.

Skólameistari kynnti nýjan skólasamning sem verið er að ganga frá. Þar koma m.a. fram þau markmið sem skólinn setur sér.


4. Önnur mál.

- a) Starfsfólk skólans fundaði á dögnum með starfsfólki framhaldsskólanna á Akranesi og Selfossi.
- b) Verið er að leggja fyrir könnun til að skima fyrir brottfalli meðal nemenda á fyrsta ári. Einnig á að leggja fyrir könnun varðandi vímuefni og notkun nemenda.
- c) Þemadagar verða 20.-22. febrúar. Hljóðneminn, söngkeppni nemendafélagsins, verður 20. febrúar.
- d) Skólinn er í samstarfi við Keili varðandi vendikennslu og eru erlendir fyrirlesarar væntanlegir í vor.

e) Ákveðið að skólameistari taki saman upplýsingar um stöðu þeirra mála sem skólanefnd á að fylgjast með samkvæmt lögum.

f) Skólanefndarmenn þakka fráfarandi nefndarmönnum fyrir starf þeirra í þágu skólans nú þegar ný skólanefnd tekur við.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmann Kristþórsson,
fundarritari